



# Stuðningur við kennara fyrir EININGU 1: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ HEIMILA VIÐ HAMFÖRUM

**ÞJÁLFUNARLOTA 4: Nauðsynleg færni til að  
bregðast við neyðarástandi á heimilum**

Höfundur: [Denizli İl Afet ve Acil Durum Müdürlüğü (AFAD)/ VETREADY Project Partnership]

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by  
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspegla ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.



# Yfirlit yfir leiðsögn fyrir kennara

- Þessi glærupakki fyrir kennara er ætlaður til að fylgja þjálfunarlotunni *Nauðsynleg færni til að bregðast við neyðarástandi á heimilum* og veita sérsniðnar leiðbeiningar til að styðja við árangursríka framkvæmd þjálfunarlotunnar. Markmiðin eru eftirfarandi:
- Skilja helstu markmið þessarar þjálfunarlotu innan einingarinnar
- Beita viðeigandi kennsluaðferðum og verkfærum til að virkja nemendur í starfs- og verknámi, endurmenntun og innflytjendasamfélögum
- Stýra verkefnum af öryggi, hvetja nemendur til íhugunar og styðja við að þekkingin festist í sessi
- Aðlaga framkvæmd lotunnar að ólíkum kennsluformum (staðnám, fjarnám, blandað nám) og ólíkum þörfum nemenda
- Athugið: Að ljúka þessari þjálfunarlotu og tilheyrandi fjölvalsprófi stuðlar að faglegri þróun kennara og getur leitt til viðurkenningu

# Námsefni þjálfunarlotunnar

Tilgangur þjálfunarlotunnar

Markmið þjálfunarlotunnar

Inngangur: Hvað felst í nauðsynlegri færni til að bregðast við neyð

Lykilhugtök

Að skilja mikilvægi lotunnar

Hvers vegna þessi þjálfunarlota skiptir máli

Náttúruhamfarir sem þú gætir orðið fyrir á heimili þínu

Jarðskjálfti

Flóð

Nauðsynleg færni í flóðum

Eldar

Færni í eldvörnum

Stormur/Fellibylur

Varúðarráðstafanir fyrir storm/fellibyl

Staldráðu við og veltu fyrir þér

Spurningar til íhugunar

Tæknilegar hamfarir og hamfarir af völdum iðnaðar

Gaslekar

Gasleki - Hvað á að gera

Efnaslys sem geta orðið á heimili

Nauðsynleg færni vegna efnaslysa sem hægt er að

læra heima

Rafmagnsslys á heimilum

Rétt viðbrögð við rafmagnsslysi á heimili

Staldráðu við og veltu fyrir þér

Heimsfaraldrar eða heilsuógnir

Covid-19

Matareitrun

Vatnsmengun

# Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

## Aðferð 1: Umræður

Aðferðin hvetur nemendur til gagnrýnninnar hugsunar og áhættumats, og styrkir þá í að takast á við andlegt álag sem getur fylgt hamförum á heimili. Hún hentar bæði fyrir staðnám og fjarnám.

Hvetur til náms með umræðum í hóp.

Markmiðið er að draga fram og skýra það sem oft er misskilið innan hópsins.

Hermir eftir raunverulegum ákvörðunarferlum nemenda og eflir samkennd.

**Dæmi: Hvernig myndir þú bregðast við fréttum sem dreifast á samfélagsmiðlum um yfirvofandi jarðskjálfta? Myndir þú taka fréttunum alvarlega og velja að vera undirbúin(n)?**

# Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

## Aðferð 2: Hermun

Aðferðin var þróuð til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta beitingu við lausn vandamála. Hún hjálpar nemendum að setja sig í spor ólíkra einstaklinga og íhuga hvernig best sé að bregðast við í jarðskjálfta. Þannig eflir hún gagnrýna hugsun og hæfni til vandamálalausnar.

**Dæmi:** Nemendur upplifa eftirlíkingu af jarðskjálfta (t.d. með jarðskjálftabíl), meta rýmingarleiðir og rýmingarsvæði og sjá fyrir sér hvaða svæði eru örugg og hvaða leiðir eru lokaðar.

# Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

## Aðferð 3: Hlutverkaleikur

Tilgangur aðferðarinnar er að gera þátttakendum kleift að læra með því að prófa og upplifa fræðilega þekkingu í framkvæmd.

Hún hermir eftir raunverulegum ákvörðunarferlum, þróar færni í krísustjórnun, eykur sjálfstraust og meðvitund og eflir samkennd.

**Dæmi: Nemendur sýna hvernig þeir bregðast við og hvaða aðgerðir þarf að grípa til ef eldur kviknar á heimili. Þeir taka að sér tiltekin hlutverk og bregðast við samkvæmt fyrirfram skilgreindri atburðarás.**

- Notuð eru umhverfi sem eru sem líkust raunverulegum aðstæðum.
- Endurgjöf og nám byggjast á þeim mistökum sem nemendur gera.
- Nám nemenda byggist á virkri þátttöku og reynslu, ekki einungis með því að sitja og hlusta á kennara.

# Ráð til að hvetja nemendur til þátttöku

- Notaðu dæmi um atvik sem eru almennt þekkt í samfélaginu og líkleg til að vekja athygli. (Kjarnorku- eða iðnaðarslys)
- Reyndu að virkja nemendur með því að vekja áhuga þeirra á umræðunni.
- Notaðu einfalt mál sem allir skilja. Hlustaðu á nemendur án þess að gagnrýna þá.
- Notaðu hugtök sem nýtast almennt fyrir hópa með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn.
- Áherslan er ekki aðeins á að tryggja þátttöku, heldur einnig að fyrirbyggja vanlíðan þegar rætt er um efni tengt hamförum og að skapa öruggt námsumhverfi.
- Nemendur í starfs- og verknámi
- Nemendur í endurmenntun (fullorðnir)
- Nemendur úr innflytjendasamfélögum(fjölbreyttur menningar- og tungumálabakgrunnur)

# Aðlögunarleiðir

- Hvað ætti að koma fram á þessari glæru:
- Samkvæmt atburðarásinni taka einstaklingar þátt í neyðaraðstæðum á heimili (húsbruni, flóð).
- Þeir velja umræðuaðferðir og greina algengar ranghugmyndir um lífsbjargandi færni.
- Fyrir staðnám
- Fyrir fjarnám
- Fyrir blandað nám
- Byggt á þeim verklegu verkefnum, tilfellarannsóknum og miðlunarefni sem er í lotunni ætti að setja fram framkvæmanlegar ráðleggingar.

## Aðlögunarleiðir: „Að skilja rangfærslur“

### Staðnám:

Nemendur skoða útprentaðar afrit af fölsuðum samfélagsmiðlafærslum sem tengjast jarðskjálfta.

Þeir greina grunsamleg merki í hópum og kynna niðurstöður sínar. Kennari leiðir umræðu um sannprófunaraðferðir með öllum hópnum. Nauðsynlegt efni: útprentaðar samfélagsmiðlafærslur, gátlisti fyrir sannprófun (reality check), skjávarpi.

### Fjarnám:

Myndband um fyrri hamfarir er deilt með nemendum með skjádeilingu.

Breakout rooms eru notuð til hópgreiningar.

Nauðsynleg verkfæri: Zoom og breakout rooms, skjádeiling, Google Slides.

### Blandað nám:

Útprentuðu efni er sameinað stafrænum auðlindum.

Skráning á netinu og greining á myndböndum fer fram.

Síðan dýpkar staðbundin hópvinna umræðuna.

Bæði prentuð skjöl og netverkfæri eru notuð til að auka þátttöku.



# Helstu ESCO-færniþættir sem fjallað er um í þessari þjálfunarlotu

Markviss þverfagleg ESCO-færni í flokknum T2-3: að takast á við vandamál; greina vandamál, leysa vandamál

## ESCO-færni (T2-3: Að takast á við vandamál)

Tengd dæmi úr textanum (Hvaða vandamál? Hvaða lausn?)

### 1. Greina vandamál

Að þekkja strax hættu og forgangsraða henni:

Jarðskjálfti: Í stað þess að láta skelfingu ráða skal greina tafarlausa hættu vegna fallandi hluta og gasleka. (Texti: "Hjálpa þeim... að þróa færni í hraðri hugsun.")

Bruni: Greina uppruna reyks og hvaða hurðum þarf að loka til að hemja útbreiðsluna.

Flóð: Meta hraða/dýpt vatnsins (15–30 cm geta verið hættulegir) og öruggt, hátt svæði til rýmingar.

### Athugasemd kennara (stutt áminning):

Þessi glæra undirstrikar að sjálfsbjörgun er ekki utanbókarlærdómur, heldur ferli krísustjórnunar sem knúið er áfram af T2-3-færni.

Leggðu áherslu á hugræna lipurð, ekki eingöngu tæknilega þekkingu.

Skyndihjálp, lokun loka, rýming; allt eru þetta birtingarmyndir vandamálalausnar.

## 2. Leysa vandamál

Beittu skynsamlegustu aðgerðinni gegn þeirri ógn sem hefur verið greind:

Eftir jarðskjálfta: Til að koma í veg fyrir afleiddar hamfarir skal loka fyrir gas, vatn og rafmagn. (Vandamál: Afleidd hamför, Lausn: Lokun loka.)

Rafmagnsslys: Í stað þess að snerta einstakling með raflost skal slökkva á aðalrofa eða grípa inn í með einangrandi efni. (Vandamál: Raflost, Lausn: Slökkva á rafmagni.)

Efnaleki: Þar sem blöndun hreinsiefna getur myndað eitruð gas (Chloramine), skal fylgja réttum viðbragðsferli (lofttræsting/læknisaðstoð).

Almenn regla: Forgangsraða að beita öruggustu lausninni fremur en að láta tilfinningaviðbrögð ráða (skelfing, að bjarga verðmætum).



Co-funded by  
the European Union

# Leiðbeiningar vegna námsmats – Hvernig á að fylgjast með framförum nemenda

Undir lok þjálfunarlotunnar:

Nemendur taka 10 spurninga krossapróf til að meta þau lykilhugtök sem farið var yfir í lotunni.

Tvær viðbótaraðferðir sem henta best til mats í þessari þjálfunarlotu

## Hlutverkaleikur byggður á atburðarás

### Hvernig virkar slíkur hlutverkaleikur?

Nemendum er gefin atburðarás sem tengd er hamförum (t.d. „Það kviknar í heimilu þínu um nótt og þú verður vör/var við reyk - hvað gerir þú fyrst í þessari aðstæðu?“). Nemendur leika sín viðbrögð, svo sem að fylgjast með reyðskynjara, loka fyrir gasventil, finna rétta rýmingarleið og hringja í neyðarnúmer, í kennslustofunni eða í einföldu hermiumhverfi. Hvernig sýnir það skilning nemandans?

Aðferðin mælir ekki aðeins hvort nemandinn muni fræðilega þekkingu, heldur einnig getu hans til að beita henni í framkvæmd. Ef nemandi reynir t.d. að kveikja eldspýtu við gasleka þá kemur röng þekking hans skýrt í ljós.

## Verkefni með gátlista

### Hvernig virkar það?

Nemendur fá einföld verkefni: „Veldu réttan búnað úr sjúkrakassanum,“ „Skráðu niður númerin sem á að hringja í í neyð,“ „Finndu öruggan ljósgjafa þegar rafmagnið fer.“ Kennari fylgist með hvort nemandinn ljúki hverju skrefi með fyrirfram útbúnum gátlista.

Hvernig sýnir það skilning nemandans?

Gátlistinn sýnir skýrt hvaða færni nemandinn hefur tileinkað sér og hvaða færni hann skortir. Ef nemandi velur t.d. ekki réttan búnað úr sjúkrakassanum bendir það til skorts á þekkingu á viðeigandi aðgerðum í hamförum.

# Viðbótarefni til stuðnings



<https://youtu.be/GobOZ0NQcQs?si=Esgw1c8xQ3-DaCUo>

**Viðbótarefni um nauðsynlega  
færni til að bregðast við  
neyðarástandi á heimilum**

<https://gonullu.afad.gov.tr/>

<https://hazirol.afad.gov.tr/>

<https://youtu.be/G1sHBXX88GI?feature=shared>

<https://youtu.be/BGf0mIQyLU8?feature=shared>

“ Kennarar sem kenna nauðsynlega færni í neyðartilvikum gera meira en að miðla þekkingu til nemenda; þeir breyta hverjum einstaklingi í hetju sem er fær um að bjarga mannlífum í krísu. ”

# HEIMILDIR

## C-G

Centers for Disease Control and Prevention (CDC). (t.y.). Emergency preparedness and response. <https://emergency.cdc.gov/>

Centers for Disease Control and Prevention (CDC). (t.y.). Safety culture: Improving safety for healthcare workers. National Institute for Occupational Safety and Health (NIOSH).

<https://www.cdc.gov/niosh/learning/safetyculturehc/module-2/2.html>

Centre for Research on the Epidemiology of Disasters (CRED). (t.y.). EM-DAT: The International Disaster Database. <https://www.emdat.be/>

Church of Jesus Christ of Latter-day Saints. (t.y.). Personal and Family Emergency Preparedness Planning Guide. <https://www.churchofjesuschrist.org/bc/content/shared/english/life-help/Personal-and-Family-Emergency-Preparedness-Planning-Guide.pdf>

Global Facility for Disaster Reduction and Recovery (GFDRR). (t.y.). <https://www.gfdr.org/en>

## I-L

International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies (IFRC). (t.y. a). Technological and biological hazards. <https://www.ifrc.org/our-work/disasters-climate-and-crises/what-disaster/technological-and-biological-hazards>

International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies (IFRC). (t.y. b). Technological and biological hazards: Background paper. [https://www.ifrc.org/sites/default/files/IFRC-Background\\_TechBioHazardsweb.pdf](https://www.ifrc.org/sites/default/files/IFRC-Background_TechBioHazardsweb.pdf)

International Labour Organization (ILO). (t.y.). Chemical safety: Training manual on occupational safety and health and working conditions. <https://www.ilo.org/media/240346/download>

International Union for Conservation of Nature (IUCN). (t.y.). Nature-based solutions for disasters. <https://www.iucn.org/resources/issues-brief/nature-based-solutions-disasters>

## N-O

National Center for Disease Control (NCDC), Ministry of Health and Family Welfare. (2024, Temmuz). Emergency preparedness checklist. <https://ncdc.mohfw.gov.in/wp-content/uploads/2024/07/Emergency-Preparedness-Checklist.pdf>

New York State Unified Court System. (t.y.). Family Court Co-Parenting Plan. <https://www.nyspt.uscourts.gov/forms/familycoopplan.pdf>

Organization for Security and Co-operation in Europe (OSCE). (t.y.). Strengthening disaster risk reduction and management in the OSCE area. <https://www.osce.org/files/f/documents/8/1/118655.pdf>

## R-S

Ready.gov. (t.y.). Household preparedness. <https://www.ready.gov/household>

SBP. (t.y.). New homeowner guide. [https://sbpusa.org/public/uploads/pdfs/New\\_Homeowner\\_Guide\\_Formatted.pdf](https://sbpusa.org/public/uploads/pdfs/New_Homeowner_Guide_Formatted.pdf)

Stanford Health Care. (t.y.). Ready a household preparedness guide. <https://stanfordhealthcare.org/content/dam/SHC/health-care-professionals/allied-healthcare/docs/readyahouseholdpreparednessguide-v1-3.pdf>

## U-W

UN Women. (t.y.). Hazards. <https://wrd.unwomen.org/explore/hazards>

United Nations Economic Commission for Europe (UNECE). (t.y. a). Industrial accidents. <https://unece.org/environment-policy/industrial-accidents>

United Nations Economic Commission for Europe (UNECE). (t.y. b). Words into action: Guidelines on implementation guide for man-made and natural hazards. <https://unece.org/environment-policy/publications/words-action-guidelines-implementation-guide-man-made-and>

World Health Organization (WHO). (t.y. a). Chemical safety. <https://www.who.int/health-topics/chemical-safety>

World Health Organization (WHO). (t.y. b). Health hazards (non-infectious). WHO/Europe. <https://www.who.int/europe/emergencies/our-work-in-emergencies/health-hazards-non-infectious>

World Health Organization (WHO). (t.y. c). Infection prevention and control: Fact sheet. <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/infection-prevention-and-control>

World Health Organization (WHO). (t.y. d). Environment, climate change and health emergencies. <https://www.who.int/teams/environment-climate-change-and-health/emergencies>

# SAMSTARFSAÐILAR



<https://ied.eu/>



<https://denizli.afad.gov.tr/>



<https://neotalentway.com/>



<https://www.eva93.lv/>



<https://ngo-nfe4y.com.ua/en>



<https://vonhope.is/>

**Gangi þér vel með VET-READY**  
**EININGU 1: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ HEIMILA VIÐ**  
**HAMFÖRUM og**  
**ÞJÁLFUNARLOTU 4: Nauðsynleg færni til að bregðast**  
**við neyðarástandi á heimilum !**

FYLGDU OKKUR



<https://vetready.eu/>